

7. fundur landssambandsstjórnar DKG haldinn 07.02. 2022 kl. 19:30 – 21:12 fjarfundur

Mættar eru: Guðrún Edda Bentsdóttir Kappadeild, forseti, Aníta Jónsdóttir Betadeild, 1. varaforseti, Guðný Helgadóttir Gammadeild, 2. varaforseti, Þorgerður Ásdís Jóhannsdóttir Nýdeild, ritari, Elísabet Jóhannesdóttir Deltadeild, meðstjórnandi, Kristín Helgadóttir Þetadeild, gjaldkeri, Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir, fráfarandi forseti og Eygló Björnsdóttir, vefstjóri.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt

Guðrún setur fundinn. Fer yfir fundargerð síðasta fundar, nokkrar athugasemdir gerðar og fundargerð 6. fundar verður leiðrétt samkvæmt þeim.

2. Evrópsku menntaerindin - DKG Europe Education Series

Fyrir hönd Landssambandsins færir Guðrún Edda þeim stöllum Ingileif Ástvaldsdóttur og Jenný Gunnbjörnsdóttur í Mý-deild kærar þakkir fyrir framlag þeirra í menntaerindunum fyrir hönd Íslands. Þær greindu frá tilurð starfþróunarverkefnisins Menntafléttunnar og hugmyndafræðinni sem hún byggir á, frá viðtökunum kennara og skólastjórnenda við verkefninu og því sem framundan er. Vel mætt var á netfundinn og áhugi á efni mikill eins og reyndar öðrum fundum í seríunni.

Listi yfir næstu fundi í DKG Europe Education Series/Evrópsku menntaerindunum er eftirfarandi:

Iceland – January 27; *Professional Community of Peers* **Lokið**

Estonia – February 10; *Environmental psychology from an educational perspective*

Norway – March 9; *Global challenges on education until 2030*

Great Britain – April 23; *Women in IT.*

Finland – May; *Well-being*

3. Ráðstefnan í New Orleans 2022

Umræður um alþjóðlegur ráðstefnuna í New Orleans 12.-16. Júlí 2022. Skráning fer fram gegnum Evrópuforsetann. Enn frestur til að skrá sig. Umræður um kostnað og styrki. Sjálfsögð skylda að forseti Landssambandsins taki þátt. Guðrún Edda kannar kostnað við ferð og þátttöku Alþjóðasambandsins og Landssambandsins við hann.

4. Tilnefning nýs Evrópuforseta

Guðrún Edda greinir frá fundi með Evrópuforsetanum, Margaritu Hanschmidt, þar sem fram kom að stjórn EvrópuForum ákvað að óska eftir því við Marie-Antoinette Hubers de Wolf frá Hollandi sem m.a. hefur verið gjaldkeri EvrópuForum, að hún gefi kost á sér sem Evrópuforseti

næsta kjörtímabil (2022-2024). Hún hefur orðið við því. Þar sem umsóknarfrestur um stöðuna er liðinn, þarf einhver af Evrópufulltrúunum á alþjóðþinginu í New Orleans í sumar (2022) að tilnefna hana í þetta embætti þegar kosningar fara fram, eða það sem kallað er "nominate her from the floor".

5. Vorráðstefnan - staða undirbúnings

Guðrún Edda greinir frá vinnu sinni við að fá tilboð í sal og veitingar á Grand Hótel:

- Tilboð í og bókun á salnum Gullteigi á Grand Hótel sem tekur 80 – 100 manns, kl. 10-16.
- Að dagskrá lokinni, á milli 16 og 17 er gert ráð fyrir óformlegu spjalli og þá er salurinn Miðgarður í boði, hann kostar ekkert aukalega, aðeins veitingarnar. Landssambandið athugar með veitingar og verð.
- Rætt var um að taka boði um kaffi/te allan daginn (1350), hádegisverð/rétti dagsins (3290) sem er borinn á borð (ekki hlaðborð).
- Áhersla á að hafa þetta sem einfaldast með hliðsjón af óvissu vegna veirunnar. Gera þarf ramma ráðstefnunnar kláran þannig að menntamálanefnd geti sett sinn hluta þar inn.
- Hafa samband við Gayle og tímabeltið hennar varðandi streymið (menntamálanefnd).

Önnur mál

1. Bankamál - Kristín er búin að fara í bankann og komin með aðgang að reikningum. Skipta þarf um nafn á kreditkort. Jenna tilbúin að vera Kristínu innan handar ef þarf.
2. Eygló ræðir það sem þarf að fara á vefinn varðandi kynningaráætlun vorráðstefnunnar og form og framkvæmd skráningar og greiðslu. Til athugunar fyrir næsta fund.
3. Niðurstaða fundar.
 - Guðrún Edda gengur frá staðfestingu á sal og drögum að veitingum (val á aðalrétt).
 - Leitað verði eftir tilboðum í streymi.
 - Drög að dagskrá og þátttökukostnaði verði tilbúið í fyrir 15. mars.
 - Skráning á ráðstefnu geti hafist í lok mars og í byrjun apríl.
 - Vera í sambandi við menntamálanefnd.

Næsti fundur settur 7. mars kl. 19:30

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 21:12

Fundargerð skrifaði Þorgerður Ásdís Jóhannsdóttir